

Stofnanasamningur Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns við Félag háskólakennara

1. Gildissvið

Stofnanasamningur þessi tekur til starfsmanna Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns sem eru í Félagi háskólakennara. Samningurinn er gerður samkvæmt ákvæðum gildandi kjarasamnings aðila við fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs og er hluti kjarasamnings félagsins og fjármálaráðherra eins og hann er hverju sinni.

2. Markmið

Samningsaðilar eru sammála um eftirfarandi markmið:

- Að launakerfið sé gegnsætt og ákvarðanir um launaröðun séu teknar með málefnalegum hætti
- Að safnið skapi hvetjandi starfsumhverfi þar sem starfsfólk fær tækifæri til starfsþróunar og fái þannig framgang í launum
- Að launaákvæðanir séu samkvæmt jafnlaunakerfi safnsins og með jafnréttisáætlun Landsbókasafns að leiðarljósi

3. Röðun starfa í launaflokka

Á Landsbókasafni er unnið eftir starfsmatskerfi Landsbókasafns Íslands - Háskólabókasafns og allt starfsfólk fellur þar undir.

Félagsmönnum í Félagi háskólakennara skal ráðað í launaflokka á grundvelli stiga úr starfs-, hæfnis- og ársmati í samræmi við eðli starfs og starfslýsingu. Við röðun starfa samkvæmt starfsmati er miðað við að um sé að ræða viðvarandi/stöðugt verksemi. Því til viðbótar koma persónubundnir þættir sem metnir eru í hæfnismati og ráðast af þeim einstaklingum sem gegna starfinu hverju sinni.

3.1. Starfs-, hæfnis- og ársmat

Starfsmat er hlutlægt mat á starfi og þeim kröfum sem gerðar eru til að sinna starfinu og er starfið metið til stiga. Starfsmat fer fram samkvæmt starfsmatskerfi safnsins og er samþykkt starfslýsing forsenda starfsmatsins.

Starfslýsingar eru gerðar fyrir hvert starf í safninu og skulu endurskoðaðar árlega í starfsmannasamtölum. Hafi umfang starfs eða ábyrgð breyst getur starfsmaður sótt um endurskoðun á starfsmati sínu.

Formlegt nám sem krafist er til starfs er metið til eftirfarandi stiga.

- Háskólapróf BA/BS 95 stig
- Háskólapróf MA/MS 195 stig

Hæfnismat: Til viðbótar starfsmati eru veitt stig í hæfnismati vegna menntunar og reynslu sem nýtist í starfi og er umfram það sem starfið krefst.

1. Menntun sem nýtist í starfi og er umfram þær kröfur sem gerðar eru til starfsins samkvæmt starfsmati.

a) Formlegt nám

- Diplómanám 15 stig
- Háskólapróf MA/MS eða samb. 100 stig
- Háskólapróf Dr. 50 stig
- Viðbótar BA/BS 18 stig
- Viðbótar MA/MS eða samb. 25 stig

b) Annað nám á háskólastigi

Stakar einingar sem ekki hafa þegar verið metnar í formlegu háskólanámi. Hverjar 10 einingar eru metnar til 2 stiga, allt að 90 ECTS einingum (18 stig að hámarki).

c) Starfstengd námskeið og símenntun

- Námskeið: að lágmarki 30 klst. 2 stig
- Nám, allt að 60 klst. 4 stig
- Nám, allt að 120 klst. 8 stig
- Nám, allt að 200 klst. 16 stig

Að jafnaði skal ekki meta starfsnám/símenntun sem er eldra en tíu ára. Samanlögð stig vegna þekkingar umfram kröfu til starfs geta mest verið 150.

2. Fyrri reynsla, sem nýtist í starfi og er umfram þær kröfur sem gerðar eru til starfsins samkvæmt starfsmati.

Við upphaf ráðningar skal meta fyrri starfsreynslu sem nýtist í starfi, hvert ár er metið til 4 stiga. Samanlögð stig úr starfs- og hæfnismati eru 32 stig alls.

Ársmat: Til viðbótar starfsmati eru veitt stig í hæfnismati vegna menntunar, þekkingar og reynslu sem nýtist í starfi og er umfram það sem starfið krefst. Þá leggjast árlega við ársmatstig þar sem hvert ár í starfi gefur 7 stig. Breytingar á röðun í launaflokka á grundvelli árs mats taka gildi 1. sept. ár hvert.

Röðun í launaflokka byggist á uppsöfnuðum stigum úr starfs-, hæfnis- og ársmati. Röðun launaflokka má sjá í töflu 1. Röðun skal aldrei vera lægri en í launaflokk 7-0.

Ákvörðun, sem tekin er um hvaða þættir hafi áhrif á laun og með hvaða hætti, skal hafa ígildi vísireglu gagnvart öðrum starfsmönnum í sambærilegum störfum svo tryggt verði að þeir njóti jafnræðis.

3.2. Launatenging

Röðun í launaflokka byggist á uppsöfnuðum stigum úr starfs-, hæfnis- og ársmati.

Röðun í launaflokka má sjá í töflu 1. Röðun skal aldrei vera lægri en í launaflokk 7-0

Tafla 1. Launaröðun

Stig	Launaflokkur	Þrep
335	L06	5
370	L07	5
400	L08	5
450	L09	5
500	L10	5

550	L11	5
600	L12	5
650	L13	5
700	L14	5
750	L15	5
800	L16	5
850	L17	5
900	L18	5
950	L19	5
1000	L20	5
1050	L21	5

3.3. Réttur til endurmats

Telji starfsmaður að honum sé ekki rétt raðað miðað við ofangreindar forsendur um röðun á hann rétt á að fá forsendur röðunar sinnar gefnar upp og rökstuddar, sem og endurmetnar ef ástæða þykir til. Ágreiningsmálum skal vísað til samstarfsnefndar skv. ákvæði 11.4.2.2. í kjarasamningi félagsins við ríkið.

4. Starfaflokkar

Starfaflokkar á Landsbókasafni Íslands – Háskólabókasafni eru m.a. eftirfarandi

Starfaflokkur 1

Sérfræðingar starfa að verkefnum sem krefjast faglegrar hæfni og sérþekkingar. Sérfræðingar vinna að stórum hluta sjálfstætt við úrlausnir þeirra.

Dæmi: Sérfræðingur I, II og III. Starfsmat er að lágmarki 325 stig.

Starfaflokkur 2

Starfsmenn starfa að verkefnum sem krefjast faglegrar hæfni og sérþekkingar og annast faglega ráðgjöf. Í starfinu felst, ábyrgð á að skipuleggja og stjórna yfirgripsmiklum verkefnum og eða stjórn faghóps. Starfsmenn vinna að og skipuleggja verkefnaáætlanir í samráði við viðkomandi yfirmann.

Dæmi: Fagstjóri I og II, umsjón landsaðgangs, sýningahalds og gæðastjórn skráningar. Starfsmat er að lágmarki 450 stig.

Starfaflokkur 3

Stjórnendur sem bera faglega og rekstrarlega ábyrgð á sínu sviði og taka þátt í stefnumótun stofnunar.

Dæmi: sviðsstjórar. Starfsmat er að lágmarki 750 stig.

5. Starfsmannasamtöl

Árlega skulu fara fram starfsmannasamtöl. Þau eru m.a. vettvangur umræðu um starfsánægju og líðan á vinnustað, samskipti, aðbúnað, verkefni, starfslýsingu, skipulag, stjórnun, starfsþróun, framgang í starfi, endurmenntun og frammistöðu starfsmanns.

6. Ársmatssjóður Félags háskólakennara

Félagar í Félagi háskólakennara fá greiddan kaupauka úr ársmatssjóði þann 1. September ár hvert. Fjárhæð ársmatssjóðs er 1,5% af dagvinnulaunum viðkomandi félagsmanna og skiptist jafnt á félagsmenn í hlutfalli við starfshlutfall á undanfögnu ári.

Samningsaðilar lýsa yfir vilja til að innleiða frammistöðumat hjá Landsbókasafni á næstu 3 árum.

7. Sérstök tímabundin umbun

Heimilt er að greiða sérstaka umbun umfram mánaðarlaun skv. gr. 1.3 í kjarasamningi félagsins sem aldrei skal þó nema hærri fjárhæð en 30.000 kr. á mánuði.

Nánari útfærslu má sjá í fylgiskjali 1 með þessum samningi. Hafi starfsmaður starfað lengur en 12 mánuði samfellt á kjörum sem komin eru til vegna tímabundinna aðstæðna skal endurmeta starfslýsingu og starfsmat.

8. Gildistími og endurskoðun

Stofnanasamningur þessi gildir frá 1. september 2018.


Samninginn skal endurskoða þegar einn eða fleiri samningsaðilar óska þess. Að jafnaði skal endurskoða hann innan eins árs frá staðfestingu kjarasamnings og helst ekki sjaldnar en annað hvert ár.

Reykjavík, 26. 09. 2018

F.h. Landsbókasafns Íslands- Háskólabókasafns



F. h. Félags háskólakennara



Bókun 1

Röðun starfa samkvæmt samningi þessum fer eftir ábyrgð og verkefnum starfsmanna við gildistöku samningsins. Ný röðun felur í einhverjum tilvikum í sér breytt starfsheiti til samræmis við endurskoðun á flokkun starfa og samning þennan.

Fylgiskjal 1



10.10.2014

Tilv.: 201410-0005

Reglur Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns um greiðslu viðbótarlauna

Reglur þessar taka til greiðslu viðbótarlauna skv. reglugerð Flármálaráðuneytis frá 7. mars 2007 og grein 1.3 í kjarasamningum.

Viðbótarlaun eru sérstök umbun sem veitt er á skilgreindu tímabili og eru greidd vegna sérstaks tímabundins álags sem felur í sér óvæntar og ófyrirséðar breytingar á venjubundinni starfsemi stofnunarinnar. Greiðsla viðbótarlauna miðast við eftirfarandi þætti:

1. Álag vegna sérstakra verkefna
2. Álag vegna langtíma fjarvista samstarfsfólks, s.s. veikinda
3. Álag vegna umfangsmikilla breytinga á starfsmannahaldi

Viðbótarlaun eru greidd mánaðarlega yfir tiltekið tímabil sem álag varir. Upphæð viðbótarlauna er í þremur flokkum eftir eðli og umfangi álags: kr. 10.000; kr. 20.000; og kr. 30.000.

Ákvörðun um veitingu viðbótarlauna er tekin af landsbókaverði að fengnum tillögum sviðsstjóra og er tilkynnt skriflega. Í tilkynningu kemur fram á hvaða forsendum viðbótarlaun eru ákveðin og á hvaða tímabili þau eru greidd. Gæta skal jafnræðis milli karla og kvenna og milli sviða við ákvarðanir um viðbótarlaun.

Samþykkt af Framkvæmdaráði 13.10.2014

Fylgiskjal 2

Minnisblað um rannsóknarleyfi

Minnisblað

Rannsóknarleyfi

Á 4 ára fresti geta félagsmenn í Félagi háskólakennara sótt um 1-2 mánaða rannsóknarleyfi erlendis til viðhalds sérmenntunar eða til rannsóknarstarfa.

Styrkir vegna rannsóknarleyfa eru veittir á grundvelli fjárveitingar frá mennta- og menningarmálaráðuneyti ár hvert. Úthlutunarnefnd forstöðumanna stofnana Háskóla Íslands með sjálfstæðan fjárhag forgangsraðar umsóknum.

Umsóknir skal senda til landsbókavarðar í kjölfar auglýsingar í október ár hvert. Í umsókn skulu gefnar sem nákvæmastar upplýsingar um áform starfsmannsins um nýtingu rannsóknarleyfisins og hag stofnunarinnar af því. Umsóknir eru metnar eftir fjármunum í sjóði, hagnýtingu rannsóknarleyfis og fjölda umsækjenda.

Styrkþegar skulu nýta rannsóknarleyfi á því ári sem þeir fá úthlutað, annars fellur fjárstyrkur niður í lok úthlutunarárs.

Ætlast er til að starfsfólk haldi kynningu fyrir aðra starfsmenn eða skili skýrslu til landsbókavarðar innan tveggja mánaða frá því rannsóknarleyfi lýkur. Þar komi fram í hverju rannsóknarvinnan fólst og hvaða árangur hún hafi borið.